



Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 18. febrúar 2026

Efni: Umsögn vegna kostnaðarmats aðgerðaráætlunar Barnvæns sveitarfélags 2026.

Aðgerðaráætlun Barnvæns sveitarfélags Kópavogsbæjar vegna innleiðingar Barnasáttmálans var lögð fram til samþykktar á fundi bæjarráðs þann 22. janúar sl. Á fundinum var málinu vísað til Skrifstofu áhættu- og fjárstýringar til umsagnar og frekari greiningar á kostnaðarmati aðgerðaráætlunarinnar.

Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar hefur í samráði við menntasvið yfirfarið tillögur með tilliti til kostnaðarmats. M.v. fyrirbyggjandi upplýsingar og áætlaða framkvæmd tillagna er ekki gert ráð fyrir að einstökum tillögum fylgi viðbótar kostnaður umfram samþykktu fjárhagsáætlun, að undanskilinni tillögu nr. 5, varðandi aðgerðina „Frítt í Strætó fyrir börn í Kópavogi“.

Varðandi kostnaðarmat vegna aðgerðarinnar „Frítt í Strætó fyrir börn í Kópavogi“ vísar Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar til fundargerðar Strætó nr. 420, dagsett 23. janúar 2026, þar sem tekin var fyrir sameiginleg tillaga Ungmennaráðs Kópavogs og Ungmennaráðs Grafarvogs um frítt fargjald fyrir ungmenni. Í fundargerðinni kemur fram áætluð kostnaðarskipting sveitarfélaga, sem birt er í meðfylgjandi töflu, auk kynningar með frekari upplýsingum um „Ungmennafargjald – frítt 15 ára og yngri“. Áætlun Strætó byggir á tölfræði Strætó um sölu fargjalda til ungmenna. M.v. áætlun Strætó er gert ráð fyrir að kostnaðaráhrif fyrir Kópavog væru um 48 m.kr. á ári vegna tillögu um frítt í strætó fyrir 12-15 ára börn.

Áætluð kostnaðarskipting ef frítt upp að 16 ára aldri.

Árið 2026

Áætlaðar tekjur af 12 til 15 ára.

300.000.000

	Áætluð skipting
Reykjavíkurborg	167.361.198
Kópavogur	48.288.865
Hafnarfjörður	38.019.642
Garðabær	24.260.210
Mosfellsbær	16.540.504
Seltjarnarneskaupstaður	5.529.582
	300.000.000

Virðingarfyllst,

Sindri Sveinsson



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Áhættu- og fjárstýringarstjóri

